


I. kafli

MAÐUR OG TRÚ

Í þessum kafla er fjallað um margvísleg atriði sem tengjast trúarbrögðum yfirleitt og reynt er að varpa ljósi á af hverju sumar þjóðir trúa á vættir í náttúrunni, aðrar á marga guði og enn aðrar á einn guð. Rætt er um hvernig trúarbrögð mótast af samfélagi og atvinnuháttum. Einnig er vikið að þeim spurningum sem nær öll trúarbrögð svara og reynt að skýra af hverju svö er.

Trú og samfélag

Trúarbrögð af einhverju tagi eru fjarska gömul og hafa fylgt mönnum frá örófi alda. Þau eru mismunandi en um árpúsundaskeið voru trú og samfélag óaðskiljanleg og svo er sums staðar enn. Uppeldi, siðir og venjur, dagleg breytni og atvinnulíf endurspegluðust í trú. List og trú voru samofin og listir undirgefnar trúnni. Stjórnendur þágu vald sitt frá guði, voru jafnvel fulltrúar hans á jörðu. Umhverfi og samfélag manna, allt lifandi og dautt, var háð hinu almáttuga. Daglegt líf án trúar var óhugsandi. Hér er nærtækt að benda á valdamenn ríkja sem setið hafa einráðir að völdum og sveigt allt opinbert líf undir stjórn sína, hvort sem það var guðsdýrkun, bókaútgáfa, málara-list, stjórnámálaskoðun eða hvað eina sem nú telst til almennra mannréttinda: Loðvík XIV., Hitler, Stalín, Mússólíni, Kim Il Sung, Rauðu kmerarnir í Kambódíu,



Margt í útfærslu nasismans í Þýskalandi á fyrri hluta 20. aldar minnti á iðkun trúarbragða.

erkiklerkastjórnin í Íran, konungsstjórnin í Sádi-Arabíu og svo mætti áfram telja. Einungis tiltekin tónlist, ákveðin myndlist og sérstakar bækur voru og eru þessum valdhöfum þóknanlegar og ráðamenn af þessu tagi voru og eru fjarlægir þegnunum og hálfpartinn í guðatölu – og þó ógnvænlegir.

Trúariðkun af slíku tagi má bera saman við þjóðfélag okkar eins og því er nú háttað. Sumir leita oft til guðs í daglegu lífi og störfum, sumir aldrei. Margir sækja kirkju á helgum dögum, en einkum þó á hátíðum eða þegar hörmungar ber að höndum, svo sem eins og mannskæð snjóflóð, skipstapa eða flugslys. Sumir fara oft með bænir, aðrir sjaldnar, margir aldrei. Flestir tengja hringrás lífsins við trú: skírn, ferming, brúðkaup og útför látinna fer yfirleitt fram innan ramma trúar og helgisiða. Atvinnulíf, stjórnmal og listir lifa nú sjálfstæðu lífi í þjóðfélögum Vesturlanda, en margir stjórnmalaflokkar byggja stefnuskrá sína á trúarlegum viðhorfum og listamenn sækja oft innblástur í trúarrit. Mörgum ríkjum heims er stjórnað af heittrúarmönnum, einkum í heimi múslima. Valdamenn í Íran, Líbíu og Sádi-Arabíu eru bókstafstrúarmenn, að minnsta kosti í orði kveðnu. Vestrænir trúarleiðtogar höfðu einnig til trúaðra kjósenda. George Bush forseti Bandaríkjanna minnst á guð í nær öllum ræðum sínum.

Hérlendis er kjarni málsins sá að nú er hver og einn sjálfráður að trú sinni og hver og einn leitar til guðs síns eins og hann hefur þörf fyrir. Hér er kristin þjóðkirkja sem byggist á lúterstrú en aðrir söfnuðir eiga samkvæmt lögum jafnan rétt.

Hvernig urðu trúarbrögð til?

Löngu fyrir daga bókmenningar og vísinda vöknudu í hugum manna margvíslegar spurningar sem þeir leituðust við að svara: Af hverju er heitt á daginn? Hvers vegna renna árnar í sjóinn? Þessu gat hvert barn svarað: Sólin skín á daginn og þess vegna er heitt. Árnar renna í sjóinn af því að vatn rennur

niður í móti. En oft fundu menn ekkert svar: Hver skapaði sólina og vatnið? Hver mótaði jörðina? Síðar spurðu þeir háleitari spurninga sem við köllum svo: Hver er tilgangur lífsins? Hvers vegna deyja sumir ungir en aðrir verða gamlir? Hvert förum við eftir dauðann? Þessum spurningum hafa menn svarað á margvíslegan hátt í aldanna rás, sumir í trúarbrögðum sem eru fjarska mörg og misjöfn, aðrir hafa leitað svara í vísindum eða með öðrum hætti og sýnist sitt hverjum þótt flestir aðhyllist nú á dögum hina vísindalegu heimsmynd: Sólin er miðja sólkerfis okkar og jörðin snýst um hana, en okkar sólkerfi er einungis sandkorn í óendanleika himingeimsins. Líf hefur þróast á jörðinni og allt er breytingum háð. Flestir fallast á að heimsmyndin sé eitthvað í þessa áttina en áður var allt í föstum skorðum, sól þar, jörðin hér, miðdepill heimsins og yfir hvefast himnarnir þar sem guðdómurinn býr.

Trúarbrögð svara sem sé ótalmörgum spurningum sem menn fundu ekki rökræn svör við með hyggjuviti sínu einu saman. Vísindi losnuðu smám saman af klafa trúarinnar og einkum þó á 18. öld sem kölluð er upplýsingaröld í menningarsögunni. Bókstafstrúarmenn afneita þó margs konar uppgötvunum sem vísindamenn hafa fært rök fyrir í margar aldir.

Hvað er goðsögn?

Goðsagnir heita mýtur á erlendum málum og er orðið grískt. Í elstu bókmenntum Grikkja þýðir *mýthos* einungis *orð* en smám saman fóru rithöfundar að nota það sem andheiti við *logos* sem merkir *skynsemi* enda segja menn að eitthvað sé lógískt þegar það er rökrétt og skynsamlegt. Goðsagnir hljóma heldur ekki alltaf skynsamlega í eyrum manna. Enginn veit hver samdi goðsagnirnar, það skiptir ekki máli hvort það var einstaklingur, hópur eða heilt samfélag. Goðsögnin lifir sem sameign þeirrar þjóðar eða samfélags sem skóp hana. Hún er arfleifð úr grárri forneskju. Maður þarf ekki að trúa henni og hún þarf ekki að vera sönn. Hún lifir sínu lífi samt sem áður. Goðsagnir lýsa atburðum *sem gerðust í fortíðinni en voru þó með einhverjum hætti utan mannlegs tíma, því að þær voru sífellt að endurtaka sig. Þær höfðu djúpa merkingu í því samfélagi sem mótaði þær og varðveitti.* Goðsagnir eru í eðli sínu heilagar frásagnir, opinberun sannleikans. Þær varpa ljósi á veröldina svo að menn geti fundið þar sinn stað og sitt hlutverk. Hér má benda á sem dæmi frásagnir Mósebóka í Gamla testamentinu um sköpun jarðar og mannanna, um upphaf syndarinnar í heiminum og mætti svo lengi rekja. Þessar goðsagnir eru enn hluti af lærdómi allra barna í skóla á Íslandi þótt vísindin hafi búið til aðra heimsmynd.

Nikulás Kóper-
níkus (1473–1543)
var pólskur. Hann
setti fram sólmiðju-
kenninguna árið
1530. Í ljóðinu er
honum teft fram
í lokálnunum
sem andstæðu
bændanna í fyrri-
partinum, en
hjá þeim er allt í
föstum skorðum
og þeir nota enn
gömul verkfæri
forfeðranna og að-
hyllast skoðanir
þeirra.

Hannes Pétursson

Kóperníkus

Á kvöldin undir kveiktu tungli og stjörnum
koma þeir heim af ökrunum. Lágan óm
ber vindur frá klukku er álútu höfði og hljóðir
halda þeir stíginn hjá veðruðum róðukrossi
með feðranna gömlu, gnúðu amboð á herðum
en glaðir að allt skuli bundið svo föstum skorðum:
sjá, þarna tungl og vindar, hér vegur og blóm.

Þeir vita' ekki að hann sem heilsar þeim oft á daginn
hjó þessa jörð af feyskinni rót – og henti
sem litlum steini langt út í myrkur og tóm.

Goðsagnir eru einkum ferns konar:

- 1) Goðsagnir um *sköpunina* skýra uppruna jarðar eða alheimsins.
- 2) *Upprunagoðsagnir* varpa ljósi á hvernig menn, dýr, gróður, stétta-
skipting o.s.frv. komu til sögunnar.
- 3) Goðsagnir um *menningarauka* eru til glöggvunar um þau fyrirbæri
sem menn fengu í hendur til að bæta líf sitt, t.d. eldinn, kornrækt,
plóginn og fiskinet.
- 4) Loks er að nefna goðsagnir um *endalok heimsins*, og skýrir nafnið sig
sjálft.

Sjá *Snorra-Eddu*,
bls. 227.

Hér má taka dæmi úr *Snorra-Eddu* um þriðja flokkinn, goðsagnir um
menningarauka, þar sem segir frá viðbrögðum ása eftir að mistekst að gráta
Baldur úr Helju og það muni vera af völdum Loka. Loki felur sig og breytir
sér m.a. í lax og dylst í Fránangursfossi. Þar veltir hann fyrir sér hvernig
guðirnir gætu fangað sig og þegar hann dvelst síðan í húsi nokkru, þá býr
hann til hið fyrsta fiskinet – sem reyndar kom honum í koll.

Goðsagnir mynda heild eða ramma utan um trúarlífið. Á grundvelli
þeirra hvíldi dýrkun guða og vætta. Hér má taka dæmi af predikunum

presta í kirkjum landsins. Predikun þeirra byggir á trúarlegum texta sem jafnan er sóttur í Biblíuna.

Hvaða orð eru notuð um trú?


Alþjóðlegt orð um trúarbrögð er *religion*. Það er dregið af latneska nafnorðinu *religio* sem gæti þýtt að *gaumgæfa nákvæmlega*. Andstæðan er að *neglegere*, að *vanrækja*, *afneita*. Orðið *religion* er þýtt með *trú* á íslensku og táknað það sem er heilagt og ekki má vanrækja en nú vísar orðið jafnframt til afstöðu einstaklings því að trú leggur honum ákveðnar skyldur á herðar. Í fornu norrænu máli er ekkert orð sem samsvarar *religion* en hins vegar notuðu menn orðið *siður* um trú sína en hann krafðist ekki tiltekinnar breytni af mönnum í siðferðilegum efnum. Siður var viðhorf manna til guðdómsins, hvaða trú þeir aðhylltust.

Það er misjafnt eftir trúarbrögðum hvað er heilagt en hið heilaga gerir kröfur til manna um ákveðna breytni. Orðið *heilagur* er samstofna við *heill*, sem bæði getur þýtt *hamingja*, *gæfa* og hins vegar *óskertur*, *heilbrigður*, *falslaus*. Nafnorðið *heili* er af sama stofni. Í dönsku má nefna orð eins og *held* og *heldig*, sem merkja *heppni* og *heppinn*. Stofninn er sennilega af rót sem hefur merkt *hamingja* eða *guðavernd*.

Krishna, holdgerv-ingur indverska guðsins Vishnu.

Hvað er trú?

Trú má skilgreina á marga vegu en í orðinu felst að menn treysta því að til sé afl, eða kraftur, æðra mannlegri hugsun og viti sem hafi hönd í bagga með mönnum og til þessa afls beina þeir bænum sínum eða fórnnum. Guð er samnefni fyrir þennan kraft og heitir ýmsum nöfnum meðal nútímamanna. Menn *dýrka* guð sinn, *þjóna* honum, *nálgast* hann með *helgisiðum* og lifa samkvæmt ákveðinni *siðfræði* sem mótast af *trúargreinum* og *kennisetningum*. Þú skalt ekki mann deyða, þú skalt ekki stela o.s.frv. Menn skynja veröldina og túlka þróun heimsins í samræmi við þá trú sem þeir aðhyllast og þær kennisetningar sem hún byggist á. Þjóðfélag manna um heim





Venus frá Laussel, lágmynd af fornri gyðju sem fannst í Dordogne-dalnum í Frakklandi og er talin vera frá því um 20.000 f.Kr.

félagsgagnrýnendur hafa þó haldið fram hinu gagnstæða. Þeir segja að trú sljóvgi, menn sætti sig við óbreytt ástand vegna trúarinnar í stað þess að kollvarpa ríkjandi kerfi sér til hagsbóta. Svo ólíkir menn sem Karl Marx (1818–1883) og John Lennon (1945–1980) fullyrtu að trúarbrögð væru óþíum fyrir fólkið.

Guðómurinn birtist mönnum með ýmsum hætti og þeir votta honum hollustu sína með margvíslegu móti. Sameiginleg öllum trúarbrögðum er lotning og virðing fyrir guði, hvaða nafni sem hann nefnist. Menn leita til guðs og dýrka hann ýmist á opinberum vettvangi, til dæmis með því að sækja kirkju, eða hver í sínu lagi, t.d. með einveru og íhugun úti í náttúrunni eða persónulegum bænum.

Trú á annað líf eða eilíft líf í einhverri mynd einkennir þorra trúarbragða. Flestar goðsagnir sem trúarbrögð grundvallast á skýra ennfremur frá sköpun heimsins og þeirra sem hann byggja.

Mörg trúarbrögð mótast af skarpri *tvíbyggju*, baráttu tveggja afla. Stærstu andstæðurnar birtust mönnum í lífi og dauða, aðrar móthverfur eru sem skuggi af þeim. Andstæður hafa mótað trúarbrögð og hugsun frá öndverðu og þær eru af ýmsu tagi. Efni og andi eru sígildar andstæður og kristallast í líkama og sál, forgengileika og eilífð, jörð og himni, fangelsi og frelsi. Efnið er af jörðu en-andinn er himneskur. Hér má taka dæmi af jarðarför

allan mótast af trú sem endurspeglast í löggjöf, daglegri breytni einstaklinga og samtaka þeirra, hefðum og viðhorfum. Fjölmennustu trúarbrögðin leggja mönnum lífsreglur um framkomu við náunga sinn. Á grundvelli þeirra hafa mótast reglur um „leyfileg“ viðhorf gagnvart öðrum mönnum. Þessar reglur hafa verið afar breytilegar og það er misjafnt eftir trú og menningu hvað telst kurteislegt og siðferðilega rétt í samskiptum manna.

Trú hjálpar mönnum að skilja sjálfa sig í samhengi við umhverfi sitt. Í krafti hennar sætta margir sig við örlögin eða sigrast á örðugleikum, veikindum og bágindum. Trúin svarar einnig ýmsum spurningum um tilveru manna sem ekki verður svarað með vísindarannsóknnum eða röklegum hætti, t.d. um framhaldslíf og endurholdgun. Trú er einstaklingsbundin. Hún er liður í sjálfsskilningi hvers og eins, vörn gegn umhverfi eða aðstæðjandi ógn, hún stuðlar að jafnvægi og stefnufestu í huga hins trúaða og eykur honum kjark. Ýmsir þjóð-

eins og tíðkast hérlendis. Líkaminn er grafinn: að jörðu skaltu aftur verða – en sálin fer til eilífðarinnar: af jörðu skaltu aftur upp rísa.

Trúarbrögð eru mörg og ólík

Þótt ýmislegt sé sameiginlegt með trúarbrögðum er samt margt sem greinir þau í sundur. Bæði er að þau svara sömu spurningum á ólíka vegu og misjafnar menningaradstæður birtast í ólíkum goðsögnum og helgisíðum.

Mörg trúarbrögð nútímamanna eru vaxin úr fjarlægri fortíð, t.d. í Afríku og Suður-Ameríku. Að jafnaði byggjast þau á goðsögnum sem helgisíðir eru reistir á. Sums staðar er prestastétt sem túlkar goðsagnirnar og setur fram kennisetningar til eftirbreytni. Í meirihluta þessara trúarbragða eru þó ekki gerðar kröfur um ákveðna hegðun. Þessi trúarbrögð eru stundum kölluð *þjóðtrú* til aðgreiningar frá t.d. kristni og íslam, sem eiga sér ákveðna höfunda og menn þekkja. Þau síðarnefndu eru reist á ritum sem í senn innihalda goðsagnir og kennisetningar. Ákveðin stétt túlkar þessar kennisetningar og hvor tveggju trúarbrögðin leggja áhangendum sínum ríkar skyldur á herðar.

Hinir elstu menn

Menn komu fram á sjónarsviðið fyrir meira en 100 þúsund árum. Þeir voru safnarar og veiðimenn, söfnuðu sér fæðu á víðavangi og veiddu smádýr sér til matar. Mestallur tími þeirra fór til fæðuöflunar. Þeir lifðu saman í hópum undir forystu ættföðurins. *Ættin* var þá grundvallareining samfélagsins þótt hún ætti enn eftir að eflast í tímans rás. Á máli manna á 21. öld eru þessir forfeður okkar kallaðir frumstæðir eða vanþróaðir. Enn er til fólk sem býr við sambærileg lífsskilyrði. Samfélög af þessu tagi eru einkar viðkvæm því að öll reynsla, lærdómur og hefðir eru geymd í minni manna og berast frá kynslóð til kynslóðar í sögnum og fræðum. Hinir gömlu búa yfir reynslunni og drepsótt sem leggst einkum á öldunga er hættuleg slíku samfélagsformi af því að hún getur rofið þessa hringrás reynslunnar. Tökum dæmi úr íslensku nútímasamfélagi: Hvað gerðist ef öll skráð lög hyrfu, þau sem í gildi eru og móta leikreglur samfélagsins?

Trúarbrögð hafa snemma orðið til meðal manna að ætla má og þau mótast af nánun sambýli við náttúruna, hvernig menn nýttu hana. Heimurinn var einn í huga þessa fólks og það var jafn stór hluti af honum og tréð, ávextirnir, steinninn, vatnið, dýrin sem það lifði í senn með og voru

grundvöllur tilverunnar. Allt var með sínum hætti lifandi. Menn tóku eftir hringrás náttúrunnar – vor, sumar, haust og vetur – og því hvernig líf og dauði og eilíf hringrás einkenndu hana. Þessari hringrás stýrði eitthvert afl, einhver guðdómur sem síðar var nefndur svo. Menn skynjuðu sömu hringrás í lífi sínu og jurtanna og veiðidýranna: frjóvgun, fæðingu, þroska, mökun, hnignun, dauða. Gömul tré báru nýjan ávöxt ár hvert, en öldungar samfélagsins áttu börn og barnabörn. Bak við alla sköpun heimsins stóð guðdómurinn og mótaði þessa hringrás og mennirnir voru í engu frábrugðnir öðrum skaparans verkum. Allir voru jafnir fyrir guði og það endurspeglast í þjóðfélaginu: stéttaskipting er lítil sem engin meðal veiðimanna og safnara. Menn og dýr eru jafnréttá, eiga sama rétt til lífsins.

Samkvæmt trú veiðimannasamfélagsins er náttúran full af lífskrafti og öndum sem hafa áhrif til góðs og ills. Þurrkur, skortur á veiðibráð, flóð, sjúkdómar o.s.frv. stafa af því, að eðlileg hringrás hefur raskast, reglu (kosmos) er ógnað af óreiðu (kaos). Menn iðkuðu margvíslega helgisiði til að viðhalda reglu og styrkja lífskraftinn. Fortíð og nútíð sameinuðust í dýrkuninni og helgisiðir styrktu sambandið við hið almáttuga, einkum fórnir. Trúin var ekki einstaklingsbundin heldur iðkuðu menn hana af því að þeir voru hluti af samfélagi. Þeir stuðluðu að eðlilegu jafnvægi í náttúrunni með fórnunum sínum. Veiði og uppskeru var oft skipt í samræmi við ákveðna helgisiði þar sem guðdómurinn fékk sinn skerf í fórnarathöfnum. Sumir helgisiðir styrktu ættarböndin, t.d. nafngjöf, manndómsvígsla, hjónavígsla, greftrun og dýrkun forfeðra. Trúarathafnir voru til þess að viðhalda eðlilegri hringrás veraldarinnar og tryggja stöðu manna í ótryggum heimi.

Fórnin

Orðið fórn er dregið af gömlum stofni sem hefur þýtt *gjöf* eða *sending*, hugsanlega *gjöf sem gefin er til veislu*. Þegar menn fórnðu voru þeir að gefa guðunum gjafir, hluti, ávexti, dýr eða jafnvel menn.

Guðirnir eru ódauðlegir en mennirnir fæðast, lifa og deyja. Eina leiðin til að nálgast guðina var að fórna. Menn hrærðust hér á jörðu og með athöfnum sínum unnu þeir sálinni sess hjá guðum eða í öðrum vistum. Fórnarathöfn var til þess að samsamast guðunum, t.d. með því að endurtaka á táknaðan hátt þá athöfn er heimurinn var skapaður; þá og því aðeins yrði heimshjólinu haldið við að menn færðu fórnir. Heimurinn var lifandi, hann fæddist, þroskaðist, blómgaðist og honum hnignaði. Fórnin ein var þess umkomin að halda hringrásinni við. Fórnir voru margs konar, allt frá



Grísk kona færir altarisfórn. Mynd af vasa frá 5. öld f.Kr.

Því að færa guðdóminum nokkur fræ upp í að gefa almættinu líf fjölda manna. Fórnarathöfnin er hins vegar mismunandi eftir trúarbrögðum og tímabilum í sögu mannsins.

Fórnir voru færðar af ýmsu tilefni:


- 1) Mennt fórnðu til þess að þakka guðunum það sem þeir höfðu gefið, t.d. blíðu til lands og sjávar, sigur í hernaði, happ af einhverju tagi, heilbrigt barn. Fórnir sem þessar færðu menn ýmist sem *samtaka heild* eða sem *einstaklingar*.
- 2) Jafnframt fórnðu menn *til árs og friðar*, báðu guði sína um farsæld til þess að bjargræðisvegir mættu gagnast mönnum og þeir óskuðu sér persónulegra heilla.
- 3) Ennfremur fórnðu menn til þess að *skyggjast inn í framtíðina*, afla sér vitneskju um hið ókomna í krafti fórnarinnar, leita véfrétta. Þeir færðu stríðsguðinum fórn áður en haldið var í hernað – og aftur ef þeir komust heilir heim.
- 4) Loks má nefna fórnir einstaklinga til einstakra vætta heima við, til forfeðranna sem grafnir voru á landi ættarinnar, ármanns í fjalli á landareigninni, vættar í fossi í túnfætinum, svo eitthvað sé nefnt. Tilgangur þessara fórna gat verið margvíslegur.

Með fórn yfirfærðu menn á guðdóminn það atferli og þá reynslu sem þeir þekktu af skiptum sínum við aðra menn. Með gjöfum stofnuðu þeir til vináttu og tryggðu sér velvild völdugra manna, t.d. höfðingja. Hið sama hlaut að eiga við um guðina. Búast mátti við að gjafirnar yrðu endurgoldnar með einhverjum hætti. Æ sér gjöf til gjalda, segir gamall íslenskur málsháttur. Harðæri hlaut að stafa af því að guðirnir hefðu reiðst og þá þurfti að blíðka þá með gjöfum, fórnnum.

Megin og bannhelgi

Veiðimenn og safnarar trúá því að veröldin sé full af því sem heitir *mana* á máli Kyrrahafseyjabúa en það er þýtt með *heilagur, sál, andi* – það er eitthvað sem býr yfir *krafti* og má túlka á íslensku með orðinu *megin*. Sumir staðir, dýr eða hlutir hafa svo mikið megin að þeir eru hættulegir mönnum, þeir eru *tabu*, bannhelgir. Á slíka staði mátti enginn koma án þess að bíða af því tjón og um sumt mátti ekki tala af sömu sökum. Álagablettir eru á mjög mörgum jörðum á Íslandi og bitnar það harkalega á ábúendum ef þeir virða ekki bannhelgina. Skepnur deyja, hús brenna og fólk sturlast, svo

„Þórshamar“ úr silfri frá 10. öld.



einhver dæmi séu nefnd. Íslendingar sóttu sjó öldum saman á opnum bátum og fyrir kom að menn lentu í vandræðum og jafnvel færust af völdum hvala. Því var það að ekki mátti nefna orðið *hvalur* á sjó. Talað var um *stórfisk*. Búrhvali sáu menn stundum og því mátti ekki nefna orðið *búr-* og þá gátu menn lent í vandræðum því ýmis mið á sjó voru kennd við Búrfell á landi. Þau fjöll hétu þá t.d. Matarfell á sjó. Það var *sjóvíti* að taka sér orðið *hvalur* í munn í róðri.

Verndargripir eru hluti af þessari trú. Veiðimaður sem gekk með bjarndýrskló í festi um hálsinn trúði því að þannig öðlaðist hann megin bjarnarins, styrkleikann. Afrískir veiðimenn bera festi úr tönnum stórra dýra til þess að styrkja veiðimegin sitt. Vilji þeir fá regn líkja þeir eftir þrumuhljóðum eða steypiregni. Forfeður okkar trúðu sumir á *mátt sinn og megin*, höfðu meiri trú á eigin getu en afli guðanna. Aðrir gengu með Þórshamar og margir kristnir menn ganga með kross sér til verndar. Þórshamarinn átti að tryggja þeim sem bar hann hlut í megni Þórs. Enn er sagt að mönnum

vaxi *ásmegin* þegar sá er gállinn á þeim en Þór var líklega hinn almat্তুgi ás sem nefndur er í fornum íslenskum eiðstaf en ekki nafngreindur.

Veiðar voru helgiathöfn

Veiðar voru að því leyti helgiathöfn að herra sköpunarinnar fylgdist með frá himnum. Hann ætlaðist til þess að menn veiddu einungis það sem þeir neyttu og ekkert færi til spillis. Veiðidýrin voru hluti af umhverfinu eins og maðurinn. Í þeim var sama blóð. Maðurinn var ekki herra náttúrunnar heldur hluti af henni. Veiðimenn varðveittu bein dýranna, sérstaklega höfuðkúpur, af því að skaparinn þurfti þeirra með við endurnýjun dýranna. Hirðar í Síberíu og víðar í Asíu færðu guðunum bein og höfuðkúpu að fórn fram á 20. öld. Dráp og neysla veiðidýra – og síðar húsdýra – varð *fórn*, í senn dráp og upphaf nýs lífs. Í goðsögn af Þór bergmálar þessi hugsun. Hann er með Loka á ferðalagi einu sinni sem oftar og gista þeir hjá bónda og konu hans og áttu þau tvö börn. Þór slátraði geithöfrum þeim sem drógu vagn hans og gerðu allir sér gott af kjötinu og köstuðu beinum dýranna á hafurshúðirnar. Þjálfi bóndasonur braut hins vegar lærlegg til mergjar. Að morgni vígði Þór beinin með hamri sínum þar sem þau lágu á hafurstökunum og stóðu þá upp hafrarnir og var annar haltur á öðrum afturfæti enda hafði Þjálfi brotið legginn! Hér eru beinin og húðin forsenda þess að dýrin lifni á ný.

Sjá *Snorra-Eddu*,
bls. 211–12.

Bogi, örvar og spjót breyttu veiðiskap

Grundvallarbreyting varð á veiðum þegar menn byrjuðu að slöngva steinum, berja með kylfu, nota spjót og skjóta örvum af boga. Veiðar urðu áhættuminni því að menn gátu drepið án þess að nálgast dýrið um of. Veiði jókst og í kjölfarið fjölgaði fólki.

Veiðimenn teiknuðu og máluðu myndir af þeim dýrum sem þeim var tamast að fást við og þeir óskuðu sér að veiða. Þessar myndir eru sums staðar langt inni í hellum, og það sýnir að veiðimenn kunnu að fara með eld. Þær eru einnig í grafhýsum og ristar í klappir á víðavangi. Oft er ör eða spjót í dýrinu en það bendir til að menn hafi trúað að slíkar myndir auðvelduðu þeim viðureignina. Listamennirnir voru að efla mátt og megin þeirra sem eltu dýrin og veiddu. Í bland við slíkar myndir eru teikningar af sólinni, lífgjafanum mikla, öxum sem eru tákn þrumuguðsins og frjóseminnar, slöngum og hjartardýrum sem eru lífstákn, og skipum en þau eru væntanlega farkostir manna yfir hið mikla haf dauðans til annars heims.

Veröldin var börnum sínum hörð þótt menn hefðu spjót og örvar. Mörg fyrirbæri voru þeim óskiljanleg og líklega höfðu menn meiri ótta en gleði af umhverfi sínu. Í trúnni reyndu þeir að sættast við þá náttúru sem var þeim allt, þeir reyndu að tengjast þeim guddómi sem gaf þeim veiðidýrin og þeir umgengust þau með virðingu. Meðal Sama í norðanverðri Skandinavíu tíðkaðist t.d. að jarða skógarbirni með sérstakri viðhöfn og helgisiðum enda var skógarbjörninn stærsta veiðidýrið – og mesta veiðiklón.

Eru elstu goðsagnir frá steinöld?

Steinaldarmenn hafa líklega mótað goðsagnir um uppruna heimsins til þess að skýra og túlka sköpun manna og dýra, dauðann og jafnvel uppstigningu til himna. Ýmis náttúrufyrirbæri hafa vísast verið skýrð með goðsögnum, t.d. eldurinn, þrumur, regn, vindar. Snorri segir t.d. í *Eddu* að vindar stafi af því að jötunninn Hræsvelgur eigi arnarham og þegar hann fljúgi standi vindur undan vængjum hans. Snorri persónugerir líka sumar og vetur. Sumarið er blítt af því það á slíkar ættir en forfeður vetrar eru „grimmir og svalbrjóstaðir“. Áðurnefnd fyrirbæri tengjast öll himninum og varð hann heilagur bústaður guða. Goðsagnirnar skipuðu manninum á bekk á sínum stað í sköpunarverkinu, sættu hann við tilveru sína, hann varð hluti af spilverki heimsins.

Sjá *Snorra-Eddu*,
bls. 188.

Menn gerðust bændur

Einhvern tímann byrjuðu menn að rækta jörðina og temja dýr til að nytja sér til gagns. Þetta hefur líklega gerst fyrst í Suðvestur-Asíu, Austurlöndum nær og fjær og í Mið-Ameríku eftir síðustu ísöld, um 10.000–8.000 f.Kr. Þá hlýnaði skyndilega og til Evrópu bárust smám saman nýjar jurta- og dýrategundir.

Líf manna breyttist gersamlega þegar þeir byrjuðu að rækta akra og temja húsdýr. Þeir settust um kyrrt í stað þess að fylgja eftir veiðidýrum sem sífellt þörfnuðust nýrra beitilanda. Þorp mynduðust og síðar bæir og borgir þegar bændur tóku að framleiða meira en þeir þurftu til eigin neyslu. Akuryrkja krafðist verkaskiptingar og stéttaskipting kom til sögunnar í stórum stíl. Þrælahald hófst á þessu skeiði. Öflug ríki komust á legg, sérstök stétt manna stjórnaði trúarlífi, prestar, aðrir stýrðu á veraldlega vísu, hermenn vörðu ríkin ágangi annarra en bændur og búalið framleiddu fæðuna. Í borgum bjuggu iðnaðarmenn og verslunarfólk.



Neðstir í þjóðfélagsstiganum stóðu þrælur sem að jafnaði unnu erfiðustu og hættulegustu störfin. Þrælahald náði hámarki í Rómaveldi á öldunum fyrir og eftir fæðingu Krists en þá voru þrælur jafnvel meira en helmingur íbúa Rómar.

Guðadýrkun grundvallaðist á viðleitni manna til að tryggja frjósemi jarðar og búpenings. Hver maður stuðlaði að viðgangi veraldarinnar með hlutdeild sinni í fórnarathöfn, ýmist á opinberum vettvangi eða heima hjá sér.

Frá hirðlífinu í Mesópótamíu til forna. Lágmynd úr konunglegum grafreit í hinni fornu borg Úr frá því um 2.600–2.400 f.Kr.

Heimilið var helgistaður

Menn komu saman til þess að dýrka guði sína. Veröldin var „heimili“ manna og endurfæddist reglulega rétt eins og menn og jurtir dóu og aðrir komu í staðinn. Hísbýli manna voru eins og þessi veröld. Þeir áttu *heimili*, míkrokosmos (smáheim), í þessum *heimi*, makrókosmos (alheimi). Hús

hvers og eins var helgistaður ættarinnar, lítil veröld í stórum heimi. Sólin er drottning himinsins á daginn, eldstæðið var miðpunktur hússins og í mörgum trúarbrögðum var það heilagt. Sums staðar jafngilti reykopið þeirri gátt himins sem menn töldu pólstjörnuna vera. Himinninn var þak yfir heiminum eins og þakið var skjól yfir húsi manna. Á því var reykop og þá skyldu menn ætla að eitthvað sambærilegt væri á himni. Á heimilinu og því landi sem menn erjuðu bundu þeir tryggð við þau öfl sem stýrðu hringrás alheimsins. Helgiathafnir þeirra fóru flestar fram undir berum himni á vígðum svæðum – og á akri við upphaf sáningar eða ræktunar af öðru tagi.

Af hverju fjölgaði guðum?

Nafn á guði gerir hann sérstakan því að þá hefur hann skilið sig frá heildinni og fengið sérstakt hlutverk. Guðdómurinn var margbrotinn og sérhæfing í þjóðfélaginu kallaði á marga fulltrúa á himni. Bóndinn á akrinum átti aðra fulltrúa á himni en kaupmaðurinn í borginni. Aflið sem guðinn stendur fyrir var þá smám saman persónugert og hver og ein starfsgrein fékk fulltrúa meðal guða. Einstakir guðir gátu líka orðið til á þann hátt að hefðir og helgisiðir voru persónugerðir eða hlutgerðir. Tvíblaða öxi var t.d. notuð suður við Miðjarðarhaf og víðar til að hálshöggva fórnardýr en smám saman færðist helgi yfir á sjálfa öxina. Hún varð tákn fyrir þann guddóm sem átti að þiggja fórnina. Í *Snorra-Eddu* eru nafngreindir einstakir guðir sem hver hafði sitt hlutverk. Óðinn er ædstur og elstur, Þór sterkastur og vænlegur til áheita í harðræðum, Baldur bestur og fegurstur, Njörður ræður veðri og vindum og stillir sjó og eld, á Freyju er gott að heita til ásta o.s.frv.

Sjá *Snorra-Eddu*,
bls. 189 og áfram.

Menn byrjuðu að mæla tímann


Akuryrkja krefst þess að menn hafi tök á tímatali. Þeir verða að geta talið daga ársins af allmikilli nákvæmni til þess að geta sáð korninu á réttum tíma og umfram allt verður að ríkja regla. Óvæntur vetrarhiti mátti ekki verða til þess að menn færu að sá korni sínu svo snemma að það yrði frosti að bráð.

Líklega urðu Súmerar í Írak fyrstir til að mæla tíma í vikum og mánuðum, jafnvel um 3000 f.Kr., og höfðu tunglið sem viðmið. Prestar þeirra voru ágætir stjörnuskoðunarmenn og gáfu dögum nöfn eftir himintunglum: sól og mána og þeim fimm reikistjörnum sem þeim voru kunnar. Þessi

háttur varð allsráðandi í fornrikjum. Rómverjar nefndu dagana eftir þeim goðmögnum sem samsvöruðu hinum súmersku en eftir þeim hétu reikistjörnurnar.

Tíminn var eilíf hringrás og fórnin var liður í því að viðhalda hringrásinni. Líf manna, dýra og jurta var einnig hringrás. Þetta má skýra með mynd:

Heimsendir:
endalok manna / dauði
vetur



Sköpun:
guðir / líf / fæðing
vor

Fullorðinsár:
brúðkaup / uppskera
afkomendur / haust

Bernskuár:
forfeður / gróandi
kynþroski / sumar

Þessi skilningur á tímanum breyttist með kristnitökunni. Þá hófst tímatöl með sköpun heimsins og heimurinn átti að farast á dómsdegi (tíminn hafði upphaf og endi). Mitt á milli var fæðing Krists. Þetta má líka sýna með mynd:

Fæðing Krists



Sköpun

Dómsdagur

Frjósemisdýrkun einkennir bændasamfélög

Lanndbúnaðarbyltingin hafði mikil áhrif á trúarbrögð. Blóð veiðidýra og bein höfðu sérstakt gildi í augum veiðimanna, blóðið gat verið þeirra eigið og beinin voru meistara sköpunarinnar nauðsynleg til að endurnýja veiðidýrin. Blóð og sæði varð hins vegar grundvöllur í sambandi manna og náttúru eftir að akuryrkja hófst, veiðidýrin urðu fjarlægari og sáðkorn fyrir jörðina var eins og sæði sem stuðlaði að nýju lífi. Frjósemisdýrkun var allsráðandi eins og má markað af margvíslegum fornminjum. Styttur af guðdóminum bera dýrkuninni glöggvitni: Kvenstyttur eru lendabreiðar og brjóstamiklar og þær hafa fundist víða (sjá mynd á s. 18). Karlstyttur eru sárafáar og miklu yngri, oft með fjarska stóran getnaðarlim. Þetta á sér skýringar.

Konur fengu meginhlutverk við akuryrkju og í trúarlífi af því að menn tengdu gróðurmagn jarðar við frjósemi þeirra. Konur þekktu leyndardóma sköpunarinnar, í skauti þeirra óx nýtt líf eftir samfarir, í frjórri mold óx kornið. Með þessum trúarskilningi varð kynlíf heilagt. Jörðin frjóvgaðist fyrir eigin tilverknad en síðar fundu menn upp plóginn og eftir það jafngiltu plæging og sáning samförum. Víða um lönd höfðu karl og kona samfarir á akrinum áður en gengið var til sáningar. Þetta nána samband kvenna og jarðar kom meðal annars fram á þann hátt að konur skyldu fæða á heyi eða hálm og leggja barnið á jörðu; þess má geta að ljósmóðir heitir á dönsku *jordmoder*. Í samræmi við þennan skilning varð tunglið táknmynd hins kvenlega guðdóms og tengdist ýmsum frjósemisgyðjum. Tunglið er síbreytilegt og eilíflega vex það til fullnustu, dregst saman í hálfmána og sem næst hverfur áður en það vex á nýjan leik. Þetta gerist á einum tunglmánuði, um það bil 28 dögum, og sá mánuður er nokkurn veginn jafn langur og tíðahringur kvenna enda hét það *tunglsótt* áður fyrr þegar konur höfðu á klæðum.

Hálfur máni er hreint og einfalt form og á sér hliðstæður í umhverfi manna. Nautshorn urðu tákn tunglsins og nautum var fórnað til frjósemisgyðjanna þegar mikið lá við. Þau voru höggvin með öxi en öxi með bogadreginni egg minnir líka á mjúkan boga tunglsins. Tvíblaða öxi sameinar boga minnkandi og vaxandi tungls og öðlaðist helgi í sjálfri sér.

Talan níu varð líka heilög enda er fóstur níu mánuði að þroskast í móðurkviði. Auk þess er talan einstök meðal talna eins og sést á töflunni hér fyrir neðan þótt menn hafi ekki velt slíkum reikningskúntum fyrir sér til forna.

| | |
|-------------------|-------------------|
| $2 \times 9 = 18$ | $9 \times 9 = 81$ |
| $3 \times 9 = 27$ | $8 \times 9 = 72$ |
| $4 \times 9 = 36$ | $7 \times 9 = 63$ |
| $5 \times 9 = 45$ | $6 \times 9 = 54$ |

Útkoman í dálkinum til vinstri snýst við í dálki til hægri. Þversumman af öllum margfeldum tölunnar 9 er um síðir 9.

Menn hverfa aftur til moldar á hinsta degi, til móður jarðar. Kona með skýr kyntákn verður voldugur fulltrúi þessarar trúarskynjunar; þekktust er hin brjósta- og lendamikla Venus frá Willendorf sem svo hefur verið kölluð og kennd við fundarstað sinn í Austurríki.

En frjósemistákn eru fleiri. Þrumur og eldingar eru heilög tákn sem voru persónugerð, þar sem í kjölfar þeirra kom frjóvgandi regn. Þau verða

sérstök birtingarform ákveðins guðs sem hefur áhrif á frjósemi jarðar; tákni þrumunnar á jörðu niðri varð nautið, væntanlega vegna líkingar við þrumugný og öskur nauta, og horn þess líktust tunglsigðinni. Þór ekur um himininn í vagni sem dreginn er af tveimur geithöfrum, hann hefur járnglófa á höndum til þess að halda um hamarinn, hið ógnvekjandi vopn sem öllum stendur stuggur af. Þórdunur dynja á eyrum manna á jörðu þegar Þór ekur um himinhvolfið.

Sjá *Snorra-Eddu*,
bls. 191.

Heimsskilningur akuryrkjumanna – lífstréð

Heimsskilningur akuryrkjufólks er mótaður af hinni eilífu hringrás: árlega endurnýjast veröldin. Bændur ræktuðu kornið eða ávaxtatrénn sem skiluðu þeim arði í góðu ári. Grösin sölnuðu, trénn felldu lauf sitt og endurlaufguðust að loknum vetri. Veröldin er eins og lífstré og lýtur sömu lögmálum en ódaudleiki þess og yngingarmáttur helgast af ávexti eða lind. Það stendur í miðju heims, á rætur í undirdjúpunum og meðal guða, jafnvel meðal manna en krónan leikur við himin sjálfan. Á Balkanskaga hafa fundist súlur, tákni heimstrésins, frá því um 7000 f.Kr. Askur Yggdrasils heitir þetta heimstré í fornum norrænum trúarbrögðum og það tengir saman veröld alla og teygir rætur sínar um heim manna, jötna og guða og greinar til endimarka heimsins. Heimurinn stendur meðan þetta tré þrífst.

Þá hefur kristinna Vesturlandabúa að skreyta jólatré við vetrarsólstöður má rekja aftur til fornrar sól- og frjósemisdýrkunar.

Korn og ávextir eru frá guði. Sumar goðsagnir skýra uppruna nytjaplantna á þá lund að guddómurinn hafi fórnað sjálfum sér, gróðurinn vaxið upp af líkamsleifunum. Dauði guðsins er þannig upphaf lífsins. Menn nærast á þessum gróðri og öðlast hlutdeild í guddóminum. Gróðurinn lifnar á vori, þroskast og mennirnir uppskera eins og þeir sá, síðan kemur vetur. Fórnir af margvíslegu tagi eru, líkt og endurtekning þessarar goðsagnar, færðar til þess að tryggja gróðurmátt jarðar og endurnýjun lífstrésins. Menn fögnuðu til að mynda nýju ári með helgisiðum sem túlkuðu endursköpun heimsins.




Sjá *Snorra-Eddu*,
bls. 203–204.

Í sumum trúarbrögðum er uppruni korns tengdur heilögu brúðkaupi guðdómsins og móður jarðar og eru slíkar goðsagnir túlkaðar í dýrkuninni með ýmsu móti. Ein goðsögn í *Eddu* Snorra kann að byggja á þessu forna minni, frásögnin af brúðkaupi Freys og Gerðar. Freyr gekk einu sinni í Hliðskjálf sem var eign Óðins og sá þá um heima alla og í norðri konu svo fallega að hann setti hljóðan og dapran og játaði fyrir Skírni skósveini sínum að án hennar gæti hann ekki lifað. Hann sendi síðan Skírni að sækja konuna, hvort sem faðir hennar vildi eður ei, en hún var jötnaættar, dóttir Gymis. Skírni tókst verkið en Freyr varð að láta Gymi eftir sverð sitt fyrir Gerði. Þess vegna er Freyr vopnlaus þegar hann berst við Surt í ragnarökum. Kjarni goðsagnarinnar er brúðkaup frjósemisguðsins og konu af jötnaættum. Jötnar eru tortímingaröflin persónugerð og með því að tengja þau frjósemiskraftinum átti að tryggja frjósemi jarðar.

Dauðinn

Dauðinn er einungis til af því að náttúran er lifandi. Menn anda, grösin grænka, rósir anga en um síðir hnígur allt að jörðu. Lifandi verur æxlast til þess að sigrast á dauðanum. Einstaklingurinn deyr eftir að hafa fjölgað sér. Dauðinn er hluti af trúarlífi manna og elstu og merkilegustu heimildir um trú eru sá umbúnaður sem menn veittu sínum nánustu þegar þeir létust. Frá fyrstu tíð virðast menn hafa trúað á annað líf í einhverri mynd; hugsanlega eru draumar um látið fólk kveikjan að því viðhorfi. Líkaminn var lagður í jörð en hinn innri maður, sálin, hvarf til annars sviðs. Það ferðalag tengdu menn gangi sólar og sneru á fyrri öldum höfði til austurs þegar ástvinur var lagður í mold. Í kristni er höfðalagið til vesturs til þess að hinn látni snúi andliti móti sólu þegar hún kemur upp á austurhimni á dómsdegi.

Margvíslegir helgisiðir eru tengdir dauðanum enda ætla langflest trúarbrögð mönnum hlutdeild í eilífðinni eftir dauða sinn á jörðu. Í eldfornum gröfum í Ástralíu, Asíu og Afríku hafa fundist lík smurð rauðum leir en rautt er tákn blóðs og lífs. Indíánaþjóð í Ameríku jarðsetti sitt fólk á 20. öld undir stjórn seiðmanns. Hann lét lyfta líki nú sinnum á leið til grafar en með því móti var hinn dauði færður aftur á fósturstig og búinn undir endurfæðingu. Talan nú virðist hafa verið nátengd dauða og lífi meðal margra þjóða að fornu, eins og fjallað var um hér að framan. Þá er sagt að kötturinn eigi nú líf!



Anubis, guðinn með sjakala-höfuðið, var verndari forn-egypskra grafa. Veggmynd úr grafhýsi handverksmannsins Senne-djems í Deir el-Medina í Þebu.

Líf eftir dauðann

Hvernig er þá lífið eftir dauðann? Trúarbrögð svara þessari spurningu með sínu lagi hver. Ýmis trúarbrögð gera ráð fyrir endurholdgun, að menn og dýr fæðist aftur til jarðar í annarri mynd. Önnur gera ráð fyrir eilífu samfélagi við guð. Þau trúarbrögð hafa verið til sem ætluðu mönnum vist í eyðilegum stað þar sem þeir lifðu skuggatilveru. Það er síðan mismunandi eftir trúarbrögðum hvort lífið eftir dauðann er tengt breytni manna meðan á jarðvist stóð. Sú hugmynd kemur fyrst fram hjá spekingnum Zarapústra í Persíu sex öldum fyrir fæðingu Krists. Áður hafði guðsdýrkun verið til að tryggja heill ættar og samfélags en Zarapústra boðaði að hver maður iðkaði trú sína sjálfum sér til heilla.

Snorri dregur upp glæsta mynd af dvöl einherja í Valhöll en þangað fara vopnbitnir menn. Þeir berjast allan daginn en setjast síðan að veislu um kvöldið, eta kjöt af geltinum Sæhrímni sem seður alla, hversu margir sem setjast til borðs, og valkyrjur ganga um beina og skenkja þeim öl sem einnig er óþrjótandi og rennur úr spenum geitarinnar Heiðrúnar.

Sótt- og ellidauðir menn fara til Heljar. Hún var dóttir Loka, hálf blá, hálf hvít. Óðinn fékk henni völd í Niflheimum þar sem eru níu heimar og

Sjá *Snorra-Eddu*, bls. 206.

miklir bólstaðir luktir garði og háum grindum. Og vistin þar er heldur bág ef marka má nöfn: salarkynni hennar heita Éljúðnir (þar sem eru sífelld él), diskur hennar Hungur og hnífurinn Sultur.

Morðingjar og þeir sem sverja rangan eið eða tæla konu nágranna síns fara norður og niður til Nástrandar. Þar er nístingskalt og ógeðsleg vist. Sjódauðir menn fara til Ægis og Ránar konu hans.

Trúarbrögð breytast með nýjum samfélagsháttum

Nýjungar í tækni og samfélagsháttum breyttu trúarbrögðum eða bættu við þau. Um svipað leyti og menn tóku upp fasta búsetu og byrjuðu að erja akur og nytja búpening, lærðu þeir að smíða öngla, flétta reipi og renna leirker, svo dæmi séu nefnd. Þetta eru allt nytjahlutir sem auðvelduðu mönnum lífsbaráttuna, hjálpuðu þeim að komast af í valtri veröld. Framleiðsla þeirra krafðist ákveðinnar þekkingar og færni sem guðdómurinn léði þeim. Margar goðsagnir kviknuðu og tengdu þessi fyrirbæri við líf og trú þannig að þeir sem notuðu og mótuðu þau nutu verndar goðmagna.

Þetta viðhorf varð enn glegggra þegar menn fóru að nota járn um 3500 f.Kr. Elsta rittákn fyrir járn er komið frá Súmerum hinum fornu í Mesópótamíu þar sem nú er Írak: AN.BAR á okkar lettri en táknin sem þeir notuðu merktu *biminn* og *eldur*. Menn unnu járn úr jörðu og það skilaði sér inn í goðsagnirnar. Járníð varð enn ein gjöf móður jarðar, ávöxtur hennar tekinn í fyllingu tímans.

Tímamót urðu þegar menn fundu leið til að skilja járn frá grjóti með eldi og herða í þró. Menn sóttu járngrýti í iður jarðar og stuðluðu að „fullum þroska“ þess með því að hita það í eldi. Þeir voru að hjálpa móður náttúru og þess vegna hvíldi helgi yfir athöfnum smiðsins, hann varð herra eldsins undir sérstakri vernd guðanna. Víða óttuðust menn smiði, af því þeim tengdist yfirskilvitleg viska, þeim var jafnvel gefin sýn inn í aðra veröld. Hljómur og söngur er einnig aðal smíða enda klingir hátt þegar smiður hamrar járn á steðja.

Í mörgum trúarbrögðum eru guðdómlegir smiðir: dvergar smíða ásum kostagripa í norrænni trú, Tvashtar býr til vopn í hendurnar á Indra í baráttunni við hið illa austur á Indlandi, Hefaistos hinn gríski hamrar þrumufleyginn handa Seifi. Í Skáldskaparmálum *Eddu* segir Snorri frá hagsmiði dverga. Upphaf þess er að Loki hafði klippt hvert hár af Sif konu Þórs sem brást hinn versti við. Lofaði Loki að láta svartálfa smíða Sif hadd úr gulli. Þór lét gott heita og Loki atti saman í veðmál dvergum sem hvort um sig skyldu smíða þrjá gripa og gerðu þeir það. Ívaldasynir smíðuðu



Skalla-Grímur var járnsmiður mikill

Járnsmiðir voru með sínum hætti að hjálpa móður jörð þegar þeir hituðu járn í eldi og mótuðu síðan með hamri á steðja og smíðuðu nytjahluti eða vopn. Skalla-Grímur Kveld-Úlfsson var góður smiður og ekki einhamur. Höfundur *Egils sögu* gæðir frásögn sína af rauðablæstri Skalla-Gríms dulúð og kynngi og mun nú á einskis manns færi að endurtaka það sem hér er lýst:

„Skalla-Grímur var járnsmiður mikill og hafði rauðablástur mikinn á veturinn.

Hann lét gera smíðju með sjónum mjög langt út frá Borg, þar sem heitir Raufarnes. Þótti honum skógar þar fjarlægir. En er hann fékk þar engan stein þann, er svo væri harður eða sléttur, að honum þætti gott að lýja járn við, – því að þar er ekki malargrjót; eru þar smáir sandar allt með sæ, – var það eitt kveld, þá er aðrir menn fóru að sofa, að Skalla-Grímur gekk til sjávar og hratt fram skipi áttæru, er hann átti, og reri út til Miðfjarðareyja, lét þá hlaupa niður stjóra fyrir stafn á skipinu. Síðan steig hann fyrir borð og kafaði og hafði upp með sér stein og færði upp í skipið. Síðan fór hann sjálfur upp í skipið og reri til lands og bar steininn til smíðju sinnar og lagði niður fyrir smíðjudyrum og lúði þar síðan járn við. Liggur sá steinn þar enn og mikið sindur hjá, og sér það á steininum, að hann er bardur ofan og það er brimsorfið grjót og ekki því grjóti líkt öðru, er þar er, og munu nú ekki meira hefja fjórir menn.“

gullhadd á Sif sem samstundis greri við hold, skipið Skíðblaðni sem Freyr fékk síðar og fær alltaf byr og siglir hvenær sem er og hvert sem er og loks spjótið Gungni. Dvergurinn Eitri smíðaði hringinn Draupni en níundu hverja nótt drjúpa af honum átta hringar jafnþungir. Hann smíðaði líka gölt með gullburst og fékk Freyr hann síðar en af burstinni lýsir um himininn. Loks smíðaði dvergurinn hamar þann sem Þór var gefinn og þótti sá gripur bestur allra hinna ofangreindu.

Menn eru afar fastheldnir á helgisiði og það kemur glögglega fram í þjóðfélögum nútímans sem þó hafa víða skipað trú og helgi á sérstakan bás. Nánavinnsla er t.d. alls staðar mótuð af fornum helgisiðum, íhugun, föstum, bænum, hreinsun hugans. Menn eru að fara inn á heilagt svæði þegar þeir fara niður í jörðina; starfið er oft lífshættulegt. Menn erja akur sinn undir sól og bláum himni en náman er hættusvæði, þar nálgast menn undirdjúpin í bjarma elds undir svörtu bergi.

Sjá *Snorra-Eddu*,
bls. 252–54.